

LÚTHERSDAGAR Í HALLGRÍMSKIRKJU

26.-31.
OKT
2017



26. OKTÓBER- FIMMTUDAGUR Vígsludagur Hallgrímskirkju

12.00 KYRRÐARSTUND- Hallgrímur & Lúther. Hildigunnur Einarsdóttir alt og Björn Steinar Sólbergsson sjá um tónlistarflutning. Íhugun flytur sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir.

27. OKTÓBER- FÖSTUDAGUR

Hallgrímsdagurinn - 343. ártíð Hallgríms Péturssonar

20.00 SÁLMAR Á NÝRRI ÖLD!
Kammerkórinn Schola cantorum, stjórnandi: Hörður Áskelsson. „Sálmar á nýrri öld“ eru 26 sálmar eftir Aðalstein Ásberg Sigurðsson og Sigurð Flosason fyrir kór án undirleiks. Þessir hrifandi og fjölbreyttu sálmar fjalla um lofgjörð, bæn, gleði og sorg.

Miðaverð: 2500 kr. Miðasala við innganginn og á midi.is.

28. OKTÓBER- LAUGARDAGUR

14.00 OPNUN- TESUR

Tesur er þátttökugjörningur sem myndlistarkonurnar Guðrún Kristjánsdóttir og Ólöf Nordal standa fyrir dagana 28. – 31. október. Verkið minnir á gjörninginn þegar Lúther negldi tesurnar 95 á kirkjudygnar í Wittenberg í Þýskalandi 31. október 1517 og markaði þannig upphaf siðbótar í Evrópu.

Ókeypis aðgangur – allir hjartanlega velkomnir!

29. OKTÓBER- SUNNUDAGUR

11.00 HÁTÍÐARMESSA í tilefni af 343. ártíð Hallgríms Péturssonar.

Sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir og dr. Sigurður Árni Þórðarson, sem predikar. Tónlistarflutningur: Mótettukór Hallgrímskirkju, Björn Steinar Sólbergsson orgel Oddur A. Jónsson bassi og Inga Rós Ingólfssdóttir selló, stjórnandi Hörður Áskelsson. Fermingarborn taka þátt og barnastarf í umsjón Ingu Harðardóttur.

17.00 KANTÖTUGUÐSÞJÓNUSTA – Lúther og Bach

Flutt verður "Lútherskantatan" Christ unser Herr zum Jordan kam BWV 7 fyrir þrjá einsöngvara, kór og hljómsveit. Auk þess verða fluttir inngangskór og sálmur úr kantötunni Aus tiefer Not ruf ich zu dir BWV 38, Kyrie úr Messu í F-dúr og útsetningar Bachs af sálmalögum. Mótettukór Hallgrímskirkju, Kammersveit Hallgrímskirkju, Auður Guðjohnsen alt, Benedikt Kristjánsson tenór, Oddur A. Jónsson bassi. Stjórnandi: Hörður Áskelsson. Prestar: Dr. Sigurður Árni Þórðarson og sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir. Kristján Valur Ingólfsson vígslubiskup í Skálholti prédikar. Organisti Björn Steinar Sólbergsson.

30. OKTÓBER- MÁNUDAGUR

9.00-14.00 SKÓLABÖRNIN OG TESURNAR.

Skólabörnum af höfuðborgarsvæðinu boðið að heimsækja Hallgrímskirkju og útbúa sínar tesur. Umsjón: Inga Harðardóttir barna- og æskulýðsfulltrúi Hallgrímskirkju. Endurtekið á Siðbótardaginn 31. október.

20.00 TÓNLEIKHÚS UM TVÆR SIÐBÓTARCONUR

Elisabeth og Halldóra, Bach og Grallarin. Verkið var samið í tilefni af því að 500 ár eru nú frá upphafi siðbótarinnar og er ætlað að varpa ljósi á þátttöku og áhrif kvenna á mótunarárum siðbótarinnar.

Flytjendur: Kammerhópurinn ReykjavíkBarokk, leikkonurnar María Ellingsen og Steinunn Jóhannesdóttir, Marta Guðrún Halldórsdóttir sópran, Jóhanna Halldórsdóttir alt, Bragi Bergþórsson tenór, Benedikt Ingólfsson bassi. Barna- og unglingskór Hallgrímskirkju og félagar úr dömukórnum Aurora leiða söng. Listrænir stjórnendur: Diljá Sigursveinsdóttir og Guðný Einarsdóttir.

Miðaverð: 2.500 kr. Miðasala í Hallgrímskirkju við innganginn og á midi.is.

31. OKTÓBER – ÞRIÐJUDAGUR

Siðbótardagurinn

12.00-12.30 95 TESUR LESNAR.

Siðbótin hófst fyrir 500 árum þegar Marteinn Lúther negldi 95 tesur á kirkjudygn. Tesurnar, sem breyttu kirkjulífi, stjórnámálum og menningarlífi Evrópu, verða lesnar upp í heild í fyrsta sinn í kirkju á Íslandi.

Umsjón hafa dr. Sigurður Árni Þórðarson og sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir.

18.00-20.00 HALDIÐ UPP Á 500 ÁRA SIÐBÓTARAFMÆLIÐ!

Afmælisveisla í Hallgrímskirkju því 500 ára siðbótarafmælisins er minnst á þessum degi um heim allan.

Afmælisávarp- Lúthers minnstkórsöngur- sálmöngur!

Eftir hátíðarhöldin í kirkjunni er öllum gestunum boðið í afmælisgleði í suðursal Hallgrímskirkju!

Þátttakendur eru Mótettukór Hallgrímskirkju undir stjórn Harðar Áskelssonar, Björn Steinar Sólbergsson organisti, dr. Sigurður Árni Þórðarson sóknarprestur og sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir, Gunnar J. Gunnarsson formaður nefndar um 500 ára siðbótarafmælið og afmælisgestirnir sem syngja með!

Allir velkomnir!

